

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag lóða við Grund á Flúðum.*
Gert er ráð fyrir þremur lóðum fyrir verslun og þjónustu og tveimur íbúðahúsalóðum. Auk þess er ein lóð, lóð 6, óbyggð og án byggingaréttar.
Samþykkt í sveitarstjórn 25. júní 2007.
2. *Deiliskipulag 3 ha lóðar fyrir veiðihús við Heiðarvatn.*
Gert er ráð fyrir þremur húsum á 50 x 50 m byggingareit á 3,14 ha lóð við Heiðarvatn. Veiðihús sem fyrir er verður flutt inn á byggingareitinn. Hámarksstærð veiðihúss verður 70 m² með mænishæð allt að 5,5 m en gestahús 15 m² og allt að 4 m mænishæð.
Samþykkt í sveitarstjórn 29. mars 2007.
3. *Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Flúðum.*
Í breytingunni felst að byggingarreitur lóða 1a og 1b er sameinaður auk þess sem gert er ráð fyrir tveimur innkeyrslum í stað einnar.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. ágúst 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2007